

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 2010 í máli nr. S-396/2010:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir settur saksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 20. október síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 10. maí 2010 á hendur „X, kennitala 000000-0000, ..., fyrir kynferðisbrot með því að hafa í tvö skipti á tímabilinu október til nóvember 2009 greitt fyrir vændi, samtals að fjárhæð kr. 30.000, að ... í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir eru þeir að lögreglan fékk á sínum tíma heimild til að hlera síma, en rökstuddur grunur lék á að notandi hans ræki vændisstarfsemi. Ekki var hljóðritað símtal við ákærða, en í samtali við félag hans kemur fram að hann og ákærða langi í tiltekna konur sem stunduðu vændi í húsi því sem í ákæru greinir. Við yfirheyrslu hjá lögreglu neitaði ákærði að hafa keypt vændi en kannaðist við að hafa verið í samskiptum við nefnda konur, en það hafi verið vegna fasteignaviðskipta. Hann kannaðist og við að hafa komið í hús það, sem nefnt er í ákærunni, og hafi það verið vegna viðskiptanna. Stúlka, sem vann sem vændiskona í húsinu, kannaðist við ákærða og að hann hefði komið í húsið ásamt félag sínum til að fá vændi og hefðu þeir verið á sérsamningi við konuna sem rak húsið. Stúlkan kvaðst þó ekki hafa þjónustað ákærða. Þá bar hún og að ákærði hefði verið þar til

að ræða fasteignaviðskipti. Félagi ákærða var yfirheyrður hjá lögreglu og gat ekki borið um að ákærði hefði keypt vændi.

III

Ákærði bar að hafa komið í nefnt hús, að hann minnti þrívægis, í október og nóvember 2009 ásamt félaga sínum og hafi erindi þeirra verið að kynna húsráðanda fasteignir, en hún hafi verið að leita að húsnæði undir skemmtistað. Þarna í húsinu hafi verið húsráðandi, kona, og aðstoðarkona hennar. Hann kvaðst hafa setið í stofunni í öll skiptin ásamt félaga sínum og þessum konum og einnig hafi hann orðið var við aðrar konur í húsinu. Ákærði kvaðst hafa skynjað að í þessu húsi seldu konur líkama sinn, eins og hann orðaði það. Undir ákærða voru borin símtöl þar sem fram kemur að félagi hans hafi gert samkomulag við húsráðanda um afsláttarverð fyrir vændi og kvaðst ákærði ekkert kannast við þetta. Þá var og borinn undir hann framburður stúlku, sem vann sem vændiskona í húsinu, hjá lögreglu um að ákærði hefði keypt þar vændi og neitaði hann alfarið að hafa keypt vændi í húsinu.

Félagi ákærða bar að hafa komið í húsið með ákærða og hafi tilgangurinn verið að kynna húsráðanda fasteignir. Þeir hafi setið í stofunni, nema hvað ákærði hafi einu sinni farið fram á gang en ekki vissi félaginn hveir erinda það var. Hann kannaðist ekki við að ákærði hefði keypt sér vændi á þessum tíma. Hins vegar kannaðist hann við að komið hefði til tals á þessum tíma að þeir félagarnir nytu afsláttarkjara við vændiskaup. Kjörin voru þau að þar sem þeir voru að aðstoða húsráðanda við fasteignakaup hafi þeir átt að fá afslátt af vændiskaupum og myndu þeir greiða 15 þúsund krónur. Aldrei kom hins vegar til þess að þeir nýttu sér þessi kjör.

Framangreind stúlka bar að hafa unnið sem vændiskona í nefndu húsi í október og nóvember 2009 og einnig aðstoðað konuna sem rak vændisstarfsemina. Auk sín hafi þrjár aðrar konur unnið þarna sem vændiskonur á þessum tíma. Þarna í húsinu hafi bara verið rekin vændisstarfsemi, það er boðið var upp á samfarir og munnmök. Verðið var 15 þúsund krónur fyrir munnmök en 20 þúsund fyrir samfarir og voru þá munnmök innifalin. Þessi starfsemi var auglýst sem nudd en viðskiptavinirnir vissu fullvel að um vændi væri að ræða og nudd hefði ekki verið í boði.

Stúlkan kvaðst kannast við ákærða og kunningja hans og starfsfélaga og muna vel eftir þeim þar sem þeir hafi fengið sérstakan afslátt í boði konunnar sem rak húsið. Þeir hafi ávallt komið tveir saman og keypt sér vændi. En einnig voru þeir að leita að húsnæði fyrir konuna sem rak húsið. Stúlkan kvað ákærða aldrei hafa nýtt sér þjónustu hennar og því þekkti hún ekki vel til hans. Lagskonur hennar hefðu hins vegar verið með ákærða og kvaðst hún hafa séð ákærða fara með þeim inn í herbergi. Þá kvaðst hún hafa séð hann greiða fyrir vændi 15 þúsund krónur. Hún kvaðst helst muna eftir ákærða í sambandi við áverka sem hann hafi veitt lagskonu sinni og hafi verið kvartað undan því við konuna, sem rak húsið, en hún svarað því til að stúlkan yrði að taka því, vændið væri svona.

IV

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Félagi hans hefur ekki borið um að hann hafi keypt vændi og vændiskonan, sem kom fyrir dóm, kvaðst ekki hafa veitt ákærða þjónustu. Hún gat aðeins borið um að lagskonur hennar hefðu þjónustað ákærða og eins hefði hún séð hann greiða fyrir vændi. Þá bar stúlkan að í húsinu hefði eingöngu verið boðið upp á vændi, en ekki aðra þjónustu. Þetta fær stuðning í öðrum gögnum sem hafa verið lögð fyrir dóminn svo og þeim dómum sem gengið hafa um sams konar sakarefni. Þrátt fyrir þetta ráðast úrslit málsins af því að gegn eindreginni neitun ákærða hefur ekkert vitni borið beint um að hann hafi keypt vændi eins og hann er ákærður fyrir. Þennan vafa verður að meta ákærða í hag, sbr. 108. gr. og 109. gr. laga nr. 88/2008, og verður hann því sýknaður af ákærinni.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða skulu greidd úr ríkissjóði eins og nánar greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, er sýknaður af kröfu ákæruvaldsins.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., 150.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, skulu greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg